



Foreldrahandbók Skýjaborgar

Uppfærð júní 2025



Velkomin í Skýjaborg

Kæra leikskólabarn og fjölskylda

Velkomin í leikskólann Skýjaborg. Við erum ánægð að fá ykkur í hópinn og vonum að ykkur eigi eftir að líða vel í Skýjaborg.

Í Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er að finna helstu upplýsingar um lífið og starfið í Skýjaborg. Í þessari handbók má finna ýmsar upplýsingar sem varða starfsemi leikskólans, eru ekki í skólanámskránni og gott er að kunna skil á.

Við hvetjum ykkur til að lesa skólanámskránni og foreldrahandbókina yfir áður en aðlögun hefst.

Með von um gott samstarf

Starfsfólk Skýjaborgar



Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leikskólinn er fyrir um 40 börn frá 18 mánaða til 6 ára. Deildirnar eru aldursskiptar. Á Regnboganum eru 23-25 börn frá 3-6 ára og á Dropanum eru 15-17 börn frá 18 mánaða til þriggja ára. Ef pláss er í leikskólanum er heimilt að taka inn börn allt niður í 12 mánaða.

Æskilegt er að börn yngri en tveggja ára séu ekki lengur en 8 tíma á dag í leikskólanum. (Æskilegt er að 12-18 mánaða börn séu ekki lengur en 6-7 tíma á dag). Stefnt skal að því að daglegur dvalartími barns verði ekki lengri en 8,5 klst.

Í upphafi leikskóladvalar gera foreldrar og leikskóli dvalarsamning þar sem dvalartími barns er ákveðin. Leikskólinn er opinn frá 7:30-16:30. Barn má mæta innan umsamins dvalartíma og mikilvægt að foreldrar virði það. Breytingar á dvalartíma þarf að sækja um hjá skólastjóra fyrir 20. hvers mánaðar. Opnað er á annarri deildinni kl. 7:30, en hin deildin opnar um kl. 8:00. Deildirnar sameinast úti eða á annarri hvorri deild um 16:00.

Skipulagsdagar eru að jafnaði fjórir heilir dagar á ári og fjórir hálfir (frá kl. 12:00). Hálfir skipulagsdagar eru settir saman í heila ef mögulegt er. Þessa daga nýtir starfsfólkið til skipulagningar, endurmats, sí- og endurmenntun og undirbúnings starfsins. Dagsetningar koma fram í skóladagatali ár hvert og því auglýstar með góðum fyrirvara.

Lokað er á aðfangadag og gamlárstag. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga. Leikskólinn er lokaður í 20 virka daga yfir sumartímann. Leikskólagjöld eru ekki greidd þann tíma.

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: eyrun@hvalfjardarsveit.is

Rekstraraðili leikskólans: Hvalfjarðarsveit.

Málefni leikskólans falla undir Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar.

Heimasíða: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Heimilisfang: Innrimel 1, 301 Hvalfjarðarsveit.

Símanúmer: 433-8530.

Matráður: Viktoria Pelekh 100% staða og Ágústa Rós Jónsdóttir 14,3% staða.



Starfsfólk Regnboga frá ágúst 2025:

- Elva Rut Árnadóttir deildarstjóri 100% staða
- Agnieszka Aurelia Korpak (Aga) leikskólakennari 100% staða
- Diljá Marín Jónsdóttir leikskólakennaranemi 100% staða
- Anna Karen Hafliðadóttir leiðbeinandi 100% staða
- Védís Fríða Kristjánsdóttir leiðbeinandi 50% staða

Starfsfólk Dropa frá ágúst 2025:

- Ásdís Björg Björgvinsdóttir deildarstjóri 100% staða
- Karina A. Podlowska leikskólakennari 100% staða
- Ágústa Rós Jónsdóttir leiðbeinandi 100% staða
- Árdís Hauksdóttir leiðbeinandi 80% staða
- Védís Fríða Kristjánsdóttir leiðbeinandi 50% staða
- Helga María Guðmundsdóttir leiðbeinandi 46% staða

Leikskólasérkennarar: Bára Tómasdóttir 100% staða Sigurbjörg leikskólasérkennari 60% staða, eru aðallega á Regnboganum.

Sérkennari er Ólöf Guðmundsdóttir og kemur hún til okkar á miðvikudögum. Þórdís Þórisdóttir Leik- og grunnskólakennari er hjá okkur á fimmtudögum og hennar starf er í tengslum við skólasamstarf, læsi og fleira.

Trúnaður

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskylda helst þó starfsmenn láti af starfi.

Viljum við biðja foreldra/forráðamenn einnig um að sýna trúnað og þagmælsku gagnvart því sem þið verðið áskynja og varðar persónuleg málefni barna, foreldra og starfsmanna í leikskólanum. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur samheldni innan leikskólans.



Leikskólinn tryggir að eingöngu aðilar, sem til þess hafa heimild, hafi aðgang að upplýsingum leikskólans. Leikskólinn tryggir að upplýsingar séu aðgengilegar þeim sem hafa heimild og þurfa að nota þær þegar þeirra er þörf.

Tilkynningarskylda

Leikskólanum ber skylda til að tilkynna til barnaverndar ef starfsmaður verður var við eða hefur grun um að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði. Ef opið barnaverndarmál er hjá barni eru einungis þeir starfsmenn upplýstir sem þurfa þykir, eins fáir og mögulegt er.

Dagskipulag Dropans

- 7:30- Leikskólinn opnar. Opnað er á annarri deildinni.
- 8:30- Morgunmatur
- 9:00- Hópastarf / Frjáls leikur
Ávaxtastund / samvera
Útivera
- 11:00- Hádegismatur
Hvíld
Frjáls leikur inni eða úti
- 14:30- Miðdegishressing
Samvera / frjáls leikur
- 16:00- Deildar sameinaðar á Regnbogann/Dropanum.
- 16:30 Leikskólinn lokar

Dagskipulag Regnbogans

- 7:30- Leikskólinn opnar. Opnað er á annarri deildinni.
- 8:30- Morgunmatur
- 9:00- Hópastarf / Frjáls leikur
Ávaxtastund / samvera
Útivera
- 11:30- Hádegismatur
Hvíld / lestur / róleg stund
Frjáls leikur inni eða úti
- 14:30- Miðdegishressing
Samvera / frjáls leikur
- 16:00- Deildar sameinaðar á Regnbogann/Dropanum.
- 16:30 Leikskólinn lokar



Dagsskipulagið er vinnuskipulag sem við vinnum út frá, tímasetningar skal taka með fyrirvara. Í leikskólastarfinu riðlast tímasetningar vegna ólíkra verkefna. Barnið og þarfir þess er ávallt í brennidepli. Ef borða á morgunmat þarf barn að vera mætt fyrir kl. 8:50.

Leikskólastarf

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Leikskólastarfið byggir á lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Skýjaborgar.

Leikurinn

Leikurinn er náms- og þroskaleið í leikskólastarfi. Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, ný tilfinning, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug barnsins birtist í leikjum þess.

Í Skýjaborg er leitast við að leikurinn fái nægt rými og tíma til að þróast og eflast. Dagsskipulag og umhverfi er sett upp með þau markmið í huga.

Kenningar og starfsgrundvöllur

Í leikskólanum er unnið skv. hugmyndafræði John Dewey um nám í gegnum reynslu (learning by doing). Í leikskólastarfinu er þannig leitast við að auka þekkingu og þroska barna með því að þau séu þátttakendur í leikskólastarfinu og fái að reyna við hluti sjálf.

Starfsaðferðir í leikskólanum markast af kenningum Howard Gardner um fjölgreindir og Caroline Pratt um opinn efnivið. Leitast er við að hafa fjölbreytt verkefni sem henta getu og áhuga hvers og eins, sem og að efniviður sé þannig valinn að gefi ekki fyrirfram ákveðnar lausnir. Á þann hátt fær sköpun og hugmyndaauðgi barnsins að ráða för.

Unnið er samkvæmt snemmtækri íhlutun í mál og læsi og hefur leikskólinn gefið út handbókina *Handbók Skýjaborgar: Leikur, mál og læsi* því til stuðnings, sjá nánar hér:



<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/static/files/handbok-skyjaborgar-leikur-mal-og-laesi-final.pdf>.

Markmið

Í leikskólanum er unnið með gildi sem þeir aðilar sem koma að stefnumótun leikskólastarfsins telja mikilvæg.

Velliðan, virðing, metnaður og samvinna eru einkunnarorð skólans og leggur skólinn þau til grundvallar í starfi sínu. Í öllu starfi er leitast við að rækta og efla virðingu, sjáfstæði, samvinnu, metnað, sjálfshjálp, jákvæð samskipti, kurteisi og umburðarlyndi. Unnið er með þessi gildi í öllu starfi leikskólans og geta kennarar ávallt spurt sjálfa sig að því hvort starf þeirra eða viðbrögð samræmist uppeldissýn leikskólans.

Leikskólinn hefur fengið leyfi til að flagga Grænfánanum sem er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Verkefnið samræmist gildum leikskólans vel, þar sem við leggjum áherslu á að bera virðingu fyrir umhverfi okkar. Einn af þáttum Grænfánaverkefnis okkar er útinám og er því reynt að tryggja góða útiveru á hverjum degi.

Frjáls leikur hefur mikið vægi í daglegu starfi þar sem hann er hornsteinn leikskólastarfsins. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins og greinist hann frá öðru atferli í því að hann er skapandi og barnið stjórnar honum sjálft.

Leikskólinn er þátttakandi í Vináttu – forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti og býr Blær bangsi hjá okkur. Vinátta þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag. Nánar má lesa um verkefnið á <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinata>.

Almennar upplýsingar

Að byrja í leikskóla

Mikilvægt er að barn fái góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. Aðlögunartími er skipulagður í samvinnu og samráði við foreldra. Foreldrar fá tækifæri til að dvelja með barninu og kynnst starfsfólki og starfinu í leikskólanum í aðlögunarferlinu. Smám saman er dregið úr viðveru



foreldra í leikskólanum og barnið aðlagast leikskólanum. Að öllu jöfnu tekur aðlögun um vikutíma (sjá viðauka með aðlögunaráætlun).

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barns í leikskólanum. Samvinnan þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barns valdið breytingum á hegðun þess.

Foreldrum er velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um líðan barnsins og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur. Smáskilaboð í Karellen eru einnig notuð til samskipta.

Við leggjum áherslu á að vel sé tekið á móti barninu og láta það finna að það sé velkomið í leikskólann og í lok dags sé barnið kvatt og því þakkað fyrir daginn. Mikilvægt er að foreldrar fylgi börnum sínum til starfsfólks þegar komið er í leikskólann. Það varðar öryggi barnanna að þau komist í öruggar hendur áður en þau eru kvödd. Jafnmikilvægt er að kveðja í lok dags. Það er gott að gefa barninu tíma til þess að ljúka við vinnu sína og kveðja starfsfólkið þegar það fer heim.

Börn yngri en 12 ára er að jafnaði ekki heimilt að sækja börnin. Við biðjum foreldra að virða það.

Börn fara ekki heim í lok dags með öðrum börnum og foreldrum þeirra nema leikskólanum hafi verið tilkynnt um það af viðkomandi foreldri.

Við viljum minna foreldra á að loka alltaf hliðinu og á öllum tímum. Börn eiga það til að vilja opna og loka hliðinu þegar komið er með þau og þau eru sótt. Vinsamlegast brýnið fyrir börnunum að það séu bara fullorðnir sem eiga að opna og loka hliðinu. Ef börnin þjálfast í að opna hliðið getur orðið úr því hættulegur leikur á skólatíma.

Vinsamlegast stöðvið bílvélina fyrir utan leikskólann.



Forföll og veikindi

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí. Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólks deilda eða sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið (nánar má lesa um Karellen hér aftar).

Það er réttur barns að vera heima þegar það er veikt, t.d. með hita eða almenna vanlíðan. Veikt barn getur smitað önnur börn og starfsfólk. Veikist barn skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1-2 sólarhringa og smithætta er liðin hjá. Ef barn fær mikið höfuðhögg er mikilvægt fyrir barnið að hvíla sig í um sólarhring heima, vegna álags á heilann og höfuðið við höggið þó ekki sjáist á barninu.

Leikskólinn er ætlaður fullfrískum börnum sem geta tekið þátt í öllu starfi leikskólans, jafnt inni sem úti. Útivera er hluti af starfsemi leikskólans og börnum mjög mikilvæg til að hreinsa lungu, styrkja og efla og líkamann. Þess vegna er stefnt að því að hvert barn fari í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Útiveru er ekki sleppt nema í undantekningar tilvikum. Hafa ber í huga að ekki er hægt að fyrirbyggja veikindi með inniveru, það stangast á við stefnu leikskólans um útiveru barna.

Viðmið við veikindi: Við hringjum í foreldra ef barn er óeðlilega slappt og tekur ekki þátt í starfinu og metum stöðuna með foreldri. Þegar hiti er komin í 38°C þarf foreldri að sækja barnið sem og ef barnið er með niðurgang eða ælu.

Óhöpp – slys

Leikskólinn er ábyrgur fyrir barninu þann tíma sem það dvelur í leikskólanum. Verði barn fyrir óhappi eða slysi er hringt í foreldra til að láta þá vita og gefa þeim kost á að fara með barn sitt á slysastofu ef með þarf. Öll slík óhöpp eða slys eru tilkynnt foreldrum og skráð á sérstök eyðublað í leikskólanum.

Máltíðir

Í leikskólanum fá börnin morgunmat, hádegismat og nónhressingu. Leitast er við að hafa hollan og næringarríkan mat á borðum. Grænmeti og/eða ávextir eru alltaf í boði. Vinsamlegast látið deildarstjóra/leikskólastjóra vita strax ef barn hefur ofnæmi eða óþol fyrir



einhverjum fæðutegundum og nauðsynlegt er að læknisvottorð þess efnis fylgi frá lækni. Takið umræðuna við deildarstjóra eða leikskólastjóra ef barn borðar ekki ákveðin fæðuflokk og finnum leiðir saman.

Lyf

Kennarar leikskólans mega ekki gefa börnunum lyf. Haga skal lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefið heima en ekki í leikskólanum. Undantekning er þegar þarf að taka lyf að staðaldri eða astmalyf.

Útbúnaður

Við leggjum áherslu á að börnin séu í þægilegum fötum sem börnin eiga auðvelt með hreyfa sig og klæða sig í og úr þegar sjálfshjálpi þeirra eykst. Einnig er töluvert um sull með vatn og málningu sem gæti smitast í fötin.

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann. Aukafötin eru geymd í glærum plastkössum fyrir ofan hólfi barnanna. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að fylgjast vel með og fylla á kassann eftir þörfum. Í aukafatakassanum þarf að vera: 2 sett af nærfötum, 2 sokkapör, 2 buxur og 2 peysur. Þegar börn eru að hætta með bleyju þarf oft að auka aðeins í kassanum á meðan á því stendur.

Í hólfi barnsins þarf að vera: Húfa, þunn húfa/buff, regnbuxur, regnjakki, úlpa, stígvél, skór, hlý innanundir föt (flís- eða ullarföt), 2 vettlingapör, pollavellingar, Yfir vetrartímann þarf einnig: Kuldagalla, kuldaskó, ullarsokka, lambhúshettu, mögulega fleiri vettlingapör. Gott er að geyma þunna fingravettlinga heima yfir köldustu mánuðina.

Mælt er með að börnin komi með vatnsbrúsa, til að auðvelda aðgengi barna að vatni í leikskólanum. Brúsarnir eru þrífir í leikskólanum eða sendir heim á föstudögum. Mikilvægt að koma með einfalda brúsa, ekki með röri, svo auðvelt sé að þrifa og minnkar líkur á myglumyndun. Yngstu börnin mega vera með einfalt stútglass.



Foreldrar eru beðnir að aðstoða starfsfólk deilda með því að:

- Merkja allan fatnað eins og kostur er þá eru minni líkur á að fötin glatist.
- Ganga frá fatahólfi barns og setja skófatnað sem skilja á eftir í skóhillu. Óhrein föt þarf að taka heim og þvo.
- Tæma fatahólf barnsins í vikulok til að auðvelda þrif (fatnaður og skór).

Fyrir svefninn

Lök, dýnur, teppi og koddar eru til staðar í leikskólanum og er þvegið hálfsmánaðarlega. Hvíldartími barna er eftir hádegismatinn og lengd eftir þörfum hvers barns.

Foreldrafélag / foreldraráð

Það er starfandi eitt foreldrafélag við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og heitir það Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í aðalstjórn félagsins eru sex fulltrúar, þrír fyrir hönd leikskólans og þrír fyrir hönd grunnskólans. Foreldrafélagið kemur að skipulagi ýmissa viðburða í leikskólastarfinu, s.s. jólaföndri, vorhátíð og leiksýningu.

Samkvæmt lögum um leikskóla 2008, skal kosið í foreldraráð í september á hverju ári, til eins árs í senn. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Þeir þrír foreldrar sem sitja í foreldrafélaginu eru í foreldraráði enda vinnur foreldrafélagið þau störf sem foreldraráð á að gera samkvæmt lögum.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Fréttir og upplýsingar til foreldra

Í fataherbergjum eru upplýsingatöflur þar sem hengdar eru ýmsar upplýsingar upp. Fréttir og myndir koma inn á heimasíðu leikskólans; <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>. Skólastjóri og deildarstjórar senda út fréttir og tilkynningar í tölvupósti. Til gamans má einnig geta að



leikskólinn heldur úti like-síðu á facebook, <https://www.facebook.com/leikskolinnSkyjborg>, en hún er eingöngu notuð til fréttatilkynninga og fróðleiks. Ekkert persónulegt fer þar inn.

Leikskólinn notar kerfi sem heitir Karellen og hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um það á <https://karellen.is>. Til að fá aðgang að karellen fara foreldrar inn á <https://my.karellen.is>, setja netfangið sitt og ýta á “virkja aðgang”. Karellen heldur úti appi sem hægt er að sækja og setja inn í símann sinn. Með Karellen geta foreldrar séð viðveruskráningu, máltíðarskráningu, svefnskráningu, matseðil, viðburðardagatal, myndir af barninu og átt skriflegt samtal við skólann.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, eitt að hausti og eitt að vori. Foreldrar geta ávallt óskað eftir viðtali við deildarstjóra og/eða leikskólastjóra og er þá fundinn tími.

Leikföng að heiman

Leikföng eru leyfð á sérstökum dótadögum sem haldnir eru öðru hvoru. Á öðrum dögum viljum við að leikföngin séu geymd heima. Undantekning getur verið í aðlögun (fyrstu vikur barnsins), því það getur vakið öryggiskennd hjá yngstu börnunum að hafa með sér leikfang að heiman. Bangsar í hvíld eru í lagi. Bækur að heiman eru velkomnar alla daga ársins og viljum við minna á að merkja þær. Leikskólinn bætir ekki tjón sem getur orðið á þessum munum sem koma í leikskólann.

Afmæli

Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns. Á afmælisdaginn fær barnið að gera kórónu, vera þjóninn, það er sungið fyrir það og það fær sérstakt afmælistatarsett til að borða með. Einu sinni í mánuði er sameiginlegt afmæli þar sem allir í leikskólanum koma saman, syngja fyrir afmælisbörnin og fá eitthvað góðgæti frá leikskólanum eins og ber, heimagerðan ísklaka eða saltstangir.

Leyfilegt er að bjóða í afmæli í leikskólanum ef öllum á deildinni er boðið eða öllum í hóp/árgangi barnsins. Annars skal afmælisboð fara fram fyrir utan leikskólann.



Starfsáætlun og skóladagatal

Leikskólinn gerir starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi, skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólaárið. Áætlunin gildir frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Á skóladagatalinu má sjá dagsetningar á föstum viðburðum leikskólans. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar á heimasíðu leikskólans.

Hátíðir, hefðir og siðir

Í leikskólanum er haldið upp á hefðbundna hátíðisdaga skv. dagatali auk sérstakra daga sem leikskólinn nýtir til að vinna að ákveðnum náms- eða þroskamarkmiðum. Þessir dagar eru: dagur leikskólans, dagur íslenskrar tungu, jól, þorri, páskar, útileikfangadagur, íþróttadagur, dagur umhverfisins, öskudagur, hjóladagur, dagur læsis, alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur stærðfræðinnar og bókadagurinn.

Skipulag þessara hátíðisdaga er kynnt fyrir foreldrum í skóladagatali, mánaðardagatali, á heimasíðu og/eða skilaboðatöflum í leikskólanum.

Stoðþjónusta

Við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar starfa sérkennari, talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur. Þjónusta þeirra miðar að því að stuðla að eðlilegum framförum í leik, þroska og námi. Leitast er við að hafa sveigjanleika í öllu skipulagi til að mæta þörfum allra sem við skólann starfa. Þannig er stefnt að því að allir geti fundið verkefni sem hæfa aldri og þroska innan síns deildar en að þeir sem þurfa aðstoð við auka færni sína sérstaklega geta fengið tækifæri til þess á einstaklingsforsendum sé þess þörf.

Ólöf Guðmundsdóttir, sérkennari/þroskaþjálfari er einn dag í viku í leikskólanum. Ragnheiður Dagný Bjarnadóttir, talmeinafræðingur kemur 1x í mánuði í leikskólann. Aðrir í stoðþjónustu koma ef óskað er eftir því. Skólasálfræðingur er Birgir Þór Guðmundsson.

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tekið gildi. Þessi lög varða öll börn og ungmenni á Íslandi frá 0 - 18 ára aldurs. Öll börn eiga að njóta sömu



réttinda án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna.

Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum:

1. *Stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur*
2. *Stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu*
3. *Stig – er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum.*

Helstu breytingar sem ný lög boða:

1. Tengiliður í nærumhverfi barns.
2. Málstjóri í Velferðarþjónustu.
3. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Hlutverk **tengiliðar** er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu þjónustu á **fyrsta stigi** í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Í Skýjaborg skipta **Bára Tómasdóttir** og **Sigurbjörg Friðriksdóttir** starfi tengiliðar á milli sín.

Lokaorð

Það er von okkar að þessi handbók hafi orðið til þess að auka innsýn ykkar foreldra í starfið í Skýjaborg. Ef einhverjar spurningar vakna eru foreldrar hvattir til að leita sér frekari upplýsinga í leikskólanum.

Foreldrar/forráðamenn eru ávallt velkomnir í leikskólann!

Eyrún Jóna Reynisdóttir, Leikskólastjóri



Viðauki Aðlögunaráætlun



Aðlögun Skýjaborg

Velkomin í leikskólann

Fyrsti dagur: kl. 09:15-10:00

.....

Foreldrar mæta með barnið í stutta heimsókn. Hitta deildarstjórnann og skoða leikskólann.

Annar dagur: 09:15-11:00

.....

Foreldrar eru með barninu í leik og starfi inni og úti.

Þriðji dagur: 08:30-11:30

.....

Foreldrar eru með barninu í morgunmat, í leik og starfi inni og úti, og hádegismat. Foreldrar bregða sér frá stutta stund í samráði við deildarstjóra.

Fjórdi dagur: 08:00-14:00

.....

Foreldrar eru með barninu í leik og starfi. Barnið prufar að fara í hvíld / leggja sig í leikskólanum ef það hefur þörf á því. Foreldrar bregða sér frá í samráði við deildarstjóra. Foreldrar hitta leikskólastjóra þegar þeir hafa kvatt barnið sitt.

Fimmti dagur: 08.00-16.00 (eða dvalartími barns)

.....

Foreldrar koma með barnið inn á deildina, kveðja það og yfirgefa svæðið. Ef vel gengur getur barnið klárað sinn dvalartíma. Telji starfsmenn þörf á að stytta þann tíma verður haft samband við foreldra.

Starfsfólk Skýjaborgar